

Sumartónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

*Jazzrómantík*  
Tónlist eftir 20. aldar tónskáld

Trío Andrésar Þórs  
ásamt  
Kristjönu Stefánsdóttur  
jazzsöngkonu

*Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum*  
*The cafeteria is open after the concert*

Þriðjudaginn 30. júlí 2002 kl. 20:30

**Kristjana Stefánsdóttir** er fædd á Selfossi 1968. Hún lauk 8. stigi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 1996 og nam einnig jazzhljómfræði í Tónlistarskóla FÍH. Sama haust hóf hún nám við jazzdeild Listaháskóla Amsterdam og var þar næstu tvö árin. Haustið 1999 fékk hún inngöngu í Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi og lauk þaðan BM gráðu með láði í jazzsöng og kenngu á vorið 2000. Aðalkennari hennar var bandaríska jazzsöngkonan Rachel Gold.

Kristjana hefur víða komið fram sem jazzsöngkona, á Íslandi, í Hollandi, Englandi, Þýskalandi og Finnlandi. Hún hlaut listamannalaun frá íslenska ríkinu í febrúar 2001 til þess að gera sína fyrstu sólógeislaþötu, *Kristjana*, sem var tilnefnd til íslensku tónlistarverðlaunanna sem jazzplata ársins 2001.

**Andrés Þór Gunnlaugsson** er fæddur 1974 í Reykjavík. Hann tók burtfararpróf frá Tónlistarskóla FÍH vorið 1999 og árið 2001 hóf hann nám við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi. Hann hefur leikið með mörgum af helstu jazztónlistarmönnum Íslands, var gítarleikari hljómsveitarinnar Sixties frá 1994 til 1997 og lék inn á fjóra hljómdiska með þeim. Einnig hefur Andrés staðið fyrir jazztónleikum kvartetts undir eigin nafni, t.d. á Jazzhátíð Reykjavíkur haustið 2000, Múlanun haustið 2000 og vorið 2001. Andrés hefur á undanförunum tveimur árum spilað jazz víðsvegar í Hollandi.

**Tómas Ragnar Einarsson** er fæddur á Blönduósi árið 1953. Eftir nám við Tónlistarskóla FÍH árin 1980 – 1983 flutti hann til Kaupmannahafnar og nam þar kontrabassaleik hjá Johan Poulsen og sótti síðar námskeið hjá John Tchicai. Auk tónlistar hefur Tómas stundað háskólanám í ítölsku og hefur BA próf frá Háskóla Íslands í sagnfræði og spænsku. Hann er mjög virkur í jazzheiminum, semur tónlist, leikur í eigin hljómsveit og með öðrum, héraendis og erlendis - nær og fjær. Komið hafa út sjö plötur/geisladiskar sem innihalda eingöngu eða aðallega tónlist hans, nú síðast *Undir 4*.

**Rene Winter** er fæddur í Groningen í Hollandi 1971. Ungur hóf hann að leika á trommur með alls kyns tónlist (popp, rokk og jazz), en rúmlega tvítugur flutti hann til Den Haag til að nema jazztrommuleik við Konunglega tónlistarháskólann. Þar nam hann undir leiðsögn Clarence Becton, Erik Ineke og Marcel Serieuse og fleiri. Árið 1999 lauk Rene námi og hóf að starfa sem atvinnutónlistarmaður. Hann hefur leikið með mörgum helstu jazztónlistarmönnum Hollands og er fastur meðlimur í hljómsveitum eins og: Bob Wijnen Trio, West Coast Big Band og Kvartett Lils Machintosh (sigurvegari Edison verðlauna árið 2000).

## Efnisskrá

### Like a lover

Lag Dori Caymmi  
Ljóð Alan and Marilyn Bergman

### Here, there and everywhere

Lag og ljóð John Lennon og Paul Mc Cartney

### Mannabörn eru merkileg

Lag Tómas R. Einarsson  
Ljóð Halldór Laxness

### „Ef það sé djass“

Lag og ljóð Tómas R. Einarsson

### Once upon a summertime

Lag og ljóð Michel Legrand

### This Masquerade

Lag og ljóð Leon Russel

### Dream a little dream of me

Lag Gus Kahn  
Ljóð Wilburg Schwandt og Fabian Andree

### That Sunday that summer

Lag og ljóð Joe Sherman og George Weiss

### The song is you (úr söngleiknum „Music in the air“)

Lag Jerome Kern  
Ljóð Oscar Hammerstein II